

**Nd.**

**131. Frumvarp til laga**

**[100. mál]**

um breytingu á ábúðarlögum, nr. 8 5. febr. 1951.

Frá landbúnaðarnefnd.

**1. gr.**

Á eftir 12. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú vanrækir landsdrottinn, að dómi úttektarmanna, að fullnægja skyldum sínum samkvæmt ákvæðum laga þessara um nauðsynleg jarðarhús, og skal hann þá verða við beiðni leiguliða um veðleyfi fyrir láni í opinberri lánsstofnun til nauðsynlegra bygginga á jörðinni. Veðleyfið skal ná til lands og jarðarhúsa. Landsdrottinn getur þó krafizt þess, að fyrir liggi yfirlýsing frá hlutaðeigandi hreppsnefnd um, að hún ábyrgist, að lán það, er leiguliði tæki með veði í jörðinni, verði eingöngu notað til þeirra bygginga á jörðinni, er úttektarmenn telja nauðsynlegar.

Ef landsdrottinn vanrækir skyldur sínar um nauðsynleg jarðarhús og lætur leiguliða ekki í té veðleyfi samkvæmt framansögðu, skal hann sæta sektum, 1000—10000 krónum.

Landsdrottinn skal innan þriggja mánaða svara beiðni leiguliða um nauðsynleg jarðarhús eða veðleyfi samkvæmt framansögðu. Að öðrum kosti skal landsdrottinn sæta 50—100 króna dagsektum, unz hann hefur fullnægt þeirri skyldu.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Það hefur þótt við brenna, að ýmsir jarðareigendur, og þar á meðal ríkið og opinberar stofnanir, vanræktu að byggja upp á leigujörðum sínum, svo sem fyrir er mælt í ábúðarlögunum. Hefur þetta fyrr og síðar valdið leiguliðum miklum óþægindum og erfiðleikum, er hús hafa verið komin að falli. Það hefur verið fangaráð þeirra leiguliða, er ekki vildu yfirgefa jarðirnar og nokkurs hafa verið megnugir, að fá leyfi jarðareigenda til að veðsetja jörðina fyrir láni, er leiguliði hefur tekið til að byggja upp á jörðinni. Leiguliði hefur þannig tekið á sig kostnað og áhættu, sem af þessu leiðir.

Því miður hefur það komið í ljós, að til eru jarðareigendur sem ekkert vilja gera til að halda jörðum sínum ábúðarhæfum. Þessir jarðareigendur neita leiguliðum sínum um hvort tveggja, að byggja upp á jörðunum og að láta þeim í té veðleyfi fyrir byggingarláni, svo að leiguliðinn geti byggt sjálfur á jörðinni.

Leiguliða, sem þannig er settur, eru allar bjargir bannaðar. Fyrir hann er ekki annað að gera en yfirgefa jörðina, venjulega með þeim afleiðingum, að jörðin fer í eyði. Með þeirri breytingu, sem hér er lagt til að gera á ábúðarlögunum, er að því stefnt að koma í veg fyrir, að einstakir jarðareigendur geti þannig áhættulaust og markvíst unnið að eyðingu býla í sveitunum.

Einn nefndarmanna (JPálm) er ekki samþykkur sektarákvæðum frv.